



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2023

Efni: Umsögn frá Félagi rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) um þingskjal 509 — 468. mál, áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld.

I. Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, þingskjal 509 — 468., áður kynnt sem áform um frumvarp og mál nr. S-172/2023.

Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) eru samtök helstu sjónvarpsstöðva og kvikmyndahúsaiðnaðarins hér á landi. Aðildarfélag samtakanna eru með um 1.000 starfsmenn á sínum snærum og velta tugum milljarða króna á ársgrundvelli og þá er eingöngu horft til dreifingu á myndefni og tengdri starfsemi. Hagsmunir þessara aðila af skilvirku og um leið réttmætu virðisaukaskattkerfi eru því mjög miklir og breytingar á lögum um virðisaukaskatt hafa mikil áhrif á aðildarfélag samtakanna. Í ljósi þessa vilja samtökin koma á framfæri við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftirfarandi ábendingum.

FRÍSK vill vekja athygli á samskiptum FRÍSK og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem ná aftur til ársins 2014 um skýrslu rýnihóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um greiningu á hindrunum fyrir streymiþjónustu frá júní 2014.

Ein veigamesta tillaga rýnihópsins var tillaga um að virðisaukaskattur af sölu kvikmynda á netinu yrði lækkaður í neðra skattþrep en slíkt hafði áður verið gert fyrir tónlist á sínum tíma, þ.e. úr 25,5% í 7%. Auk þess lagði rýnihópurinn til að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (e. Video on Demand – VOD) yrði líka settur í lægra skattþrep til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva.

Í þessu samhengi vekja samtökin athygli nefndarinnar á að bæði bækur og tónlist hafa notið stuðnings frá hinu opinbera með því að vera sett í neðra þrep virðisaukaskatts en það sama hefur ekki átt við um kvikmyndir og sjónvarpsefni. Það verður að teljast einkennilegt að slík nátengd form menningarefnis skuli ekki skattlögð með sama hætti. Ef t.a.m. upptaka af tónleikum er gefin út sem geisladiskur eða á streymisþjónustum, fellur hún í neðra þrep virðisaukaskatts en sé sami viðburður gefinn út á myndefni eftir pöntun (e. Video on Demand – VOD) (hljóð og mynd) fellur sú útgáfa í efra þrep



virðisaukaskatts. Engin málefnaleg rök virðast standa til þess að innheimta mun hærri neysluskatta af einu formi sama menningarefnis heldur en öðru.

FRÍSK átti góð og ítarleg samskipti við Fjármála- og efnahagsráðuneytið vegna fyrirhugaðra breytinga á virðisaukaskatti á sölu aðgöngumiða í kvikmyndahús, sem leiddu til þess að í fyrirhuguðu frumvarpi skv. máli S-172/2023 var lagt til að sá virðisaukaskattur á yrði lækkaður í 11%.

FRÍSK skilaði inn athugasemdum um framangreint mál S-172/2023, þar sem tillögu um lækkun á virðisaukaskatti á aðgöngumiðum í kvikmyndahús var fagnað en benti jafnframt á að eðlilegt væri að lækka samhliða á myndefni eftir pöntun (T-VOD) en svo virðist sem það hafi gleymst við gerð frumvarpsins.

II. Afnotagjöld og myndefni eftir pöntun

FRÍSK bendir á að afnotagjöld sjónvarpsstöðva bera í dag 11% og falla því í neðra þrep virðisaukaskatts enda teljast þau falla undir ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt. Ákvæðið virðist bundið við svokallaða línulega dagskrá, sem var eina útsendingaform þess tíma þegar löggin voru sett. Í dag er vægi línulegrar dagskrár í þjónustu sjónvarpsstöðva mun minna og fer sífellt minnkandi. Þess í stað hefur mynd- og sjónvarpsefni eftir pöntun aukist gríðarlega þar sem notendur velja sjálfir hvar og hvenær þeir horfa á einstaka dagskrárliði.

Þannig er hægt í dag að nota svokallað „tímaflakk“ allt að sólarhring aftur í tímann þar sem viðskiptavinurinn sækir sitt efni úr dagskrá síðasta sólarhrings þegar honum hentar. Þess fyrir utan er nánast allt efni í línulegri dagskrá aðgengilegt í gegnum „frelsi“ þjónustu sjónvarpsstöðvanna en þar getur viðskiptavinurinn sótt flest allt það efni sem sýnt hefur verið allt að tvær vikur aftur í tímann. Þessu til viðbótar hafa sjónvarpsstöðvarnar byrjað að bjóða upp á svokallaðar „áskriftarpantanir“ (e. Subscription Video on Demand – S-VOD) þar sem hægt er að sækja heilu þáttaraðirnar í einu og því þarf ekki að bíða eftir sýningu næsta þáttar í seríunni. Ofan á þetta er síðan boðið upp á myndefni eftir pöntun á (e. Video on Demand – T-VOD) þar sem unnt er að kaupa kvikmyndir eða sjónvarpsþætti sem ekki falla undir áður nefnt frelsi eða tímaflakk sjónvarpsstöðvanna.

Myndefni eftir pöntun (T-VOD) fellur því ekki undir áður nefnda 2. mgr. 14. gr. laga um virðisaukaskatt og fellur þar af leiðandi í efra þrep virðisaukaskatts á meðan afnotagjöld falla í neðra þrepið. Fyrir neytendur er erfitt að sjá muninn þarna á milli þar sem viðbótarþjónusta við línulega dagskrá, þ.e. tímaflakk, frelsi og áskriftarpantanir, svipar mjög til myndefnis eftir pöntun og því er verið að mismuna á milli útsendingatækni hjá sjónvarpsstöðvum/fjölmiðlaveitum.

Ef horft er yfir markaðinn hérlendis má sjá ósamræmið á álagningu virðisaukaskatts.

- Kvikmyndasýningar (one transactional fee – ein kaup á stakri mynd) – 24% vsk.
- T-Vod (Transactional Video on Demand, T-VOD) (one transactional fee – ein kaup á stakri mynd) – 24% vsk.
- S-Vod (Subscription Video on Demand, S-VOD) (áskriftarsala þar sem keypt er mánaðarleg áskrift að afþreyingarefni) – 11% vsk.



- Línuleg dagskrá (kvikmynd sýnd í línulegri dagskrá sjónvarpsstöðva) (áskriftarsala þar sem keypt er mánaðarleg áskrift að afþreyingarefni, RÚV undanskilið) – 11% vsk.

Hér eru nokkur dæmi um íslenskar efnisveitur og mismunandi álagningu virðisaukaskatts eftir því hvaðan efnið er keypt:

- RÚV (línuleg dagskrá) – 11%
- Stöð 2 (línuleg dagskrá) – 11%
- Sjónvarp Símans (línuleg dagskrá) – 11%
- Stöð 2 + (S-VOD) – 11%
- Sjónvarp Símans Premium (S-Vod) – 11%
- VOD-leiga Vodafone (T-Vod) – 24%
- VOD-leiga Símans (T-Vod) – 24%
- Netflix (S-Vod) – 11%
- Amazon Prime (S-Vod) – 11%
- Disney Plus (S-Vod) – 11%
- Kvikmyndahús (one transactional fee) – 24%

Ef horft er á misræmi á skattlagningu á VOD þjónustu hérlendis má nefna að ef fyrirtæki kaupir sömu myndina fyrir bæði T-VOD leigu og streymisveita sína (S-VOD), S-VOD þá fær fyrirtækið eina skrá þó að innifalinn sé réttur til sýninga í báðum kerfum. En þegar komið er að uppgjöri fær myndin hins vegar sitthvorn virðisaukaskattinn, þ.e. T-VOD leigan 24% virðisaukaskatt en sama myndin fær 11% á streymisveitunni (S-VOD). Þetta misræmi kallar á töluvert óhagræði, hefur óeðlileg áhrif á verðlagningu sama efnis og býr auk þess til aukið og óþarft flækjustig við uppgjör og skil á skatti

Í ljósi þessa misræmis leggur FRÍSK eindregið til þess að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (T-VOD) verði fært í neðra skattþrep til samræmis við skatt af afnotagjöldum sjónvarpsstöðva og þannig verði tryggt að miðlun dagskrárefnis með nýrri tækni njóti sömu sanngirni og línuleg dagskrá. Óbreytt fyrirkomulag felur í sér mismunun á sambærilegri starfsemi eftir því hvaða tæknilausn er notuð við dreifingu efnisins.

III. Kvikmyndahús

Árið 2022 sóttu tæplega 850.000 manns kvikmyndahús á Íslandi sem skilaði rétt um 1.282.000.000 kr. í heildartekjur. Miklir hagsmunir eru því í húfi. Heildaraðsókn í kvikmyndahúsin hefur farið dvínandi undanfarin ár og þá sérstaklega eftir Covid-19 þegar miklar hömlur voru lagðar á starfsemi kvikmyndahúsa, sem reyndust erfiðar og dýrkeyptar.

Tillögur Fjármála- og efnahagsráðuneytisins um breytingar á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þ.a. sala á aðgangsmiðum í kvikmyndahús verði skipuð í lægra VSK-þrepið, stuðla að bættu rekstrarumhverfi kvikmyndahúsa og fagnaði FRÍSK því tillögunum enda eru tillögurnar bæði sanngjarnar og eðlilegar. Allur rekstur kvikmyndahúsa er varðar sölu eru í 11% skattþrepinu nema



aðgöngumiðar. Kvikmyndahús þurfa því að gera upp í tveimur virðisaukaskattþrepum, sem er ekki til einföldunar á rekstri þeirra.

Það kom verulega á óvart að ráðuneytið hyggist hætta við fyrirhugaða lækkun virðisaukaskattsins og vísað til þess að skoða þurfi breytingarnar með tilliti til EES-reglna um ríkisaðstoð.

IV. EES reglur um ríkisaðstoð

Í 5. grein greinargerðar um frumvarp skv. þingskjali 509 – 468 segir:

„Áformaðar lagabreytingar hafa tekið breytingum frá því að áform um samningu frumvarps voru kynnt almenningi í samráðsgátt stjórnvalda. Á það m.a. við um gistináttaskatt og virðisaukaskatt á aðgangsmiða kvikmyndahúsa, en fallið hefur verið frá áformum um lækkun hans þar sem slík breyting þarfnað frekari skoðunar með tilliti til EES-reglna um ríkisaðstoð.“

Þetta er óskiljanleg útskýring að mati FRÍSK. Reglur EES um ríkisaðstoð eiga að koma í veg fyrir að samkeppni sé raskað með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinni vara. Eins og rakið er hér að framan búa íslensk kvikmyndahús við skert samkeppnisumhverfi að því er varðar framboð á öðru myndefni. Þau eru ekki í samkeppni við erlend kvikmyndahús heldur við framboð af öðru myndefni og afþreyingu, sem nýtur þess að vera í lægra virðisaukaskattsþrepi. Þvert á móti má halda því fram að EES-reglur um ríkisaðstoð ættu að leiða til lækkunar á virðisaukaskatti til samræmis samkeppnisaðila íslenskra kvikmyndahúsa, líkt og nefnd drög að frumvarpi í máli S-172/2023 gerðu ráð fyrir. Af þeim sökum lagði FRÍSK einmitt til í umsögn sinni um þau drög að virðisaukaskattur á myndefni eftir pöntun (T-Vod) yrði einnig lækkað samhliða.

Þá búa íslensk kvikmyndahús, sem og sjónvarpsstöðvar, við ósanngjarna samkeppni við erlendar streymisveitur, sem lúta ekki sömu reglum og aðilar í FRÍSK.

V. Ósanngjörn samkeppni

Það er ljóst að undanfarin ár hefur samkeppni á markaðnum harðnað verulega með tilkomu erlendra streymisþjónusta til landsins. Aðildarfélög FRÍSK fagna erlendri samkeppni sé hún háð á jafnréttisgrundvelli en því miður virðist svo ekki vera.

Þær streymisveitur sem eru með starfsemi hérlandis bera ekki sömu skyldur og innlendir aðilar gagnvart íslenska ríkinu og má þar nefna m.a. kvikmyndaskoðun, textun og talsetningu.

Aðildarfélög FRÍSK þurfa að uppfylla ákvæði 29. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, hvað varðar tal og texta á íslensku á sínu efni. Efnisveitur með starfsstöð erlendis lúta ekki sömu reglum og því eru engar kvaðir gerðar til þeirra að talsetja eða texta efni sem selt er til Íslands. Óneitanlega fela þessar kvaðir fjölmiðlalaga í sér verulegan kostnað fyrir aðildarfélög FRÍSK, sem hinar erlendu veitur þurfa ekki að



taka á sig, en árlega talsetja og texta aðildarfélög FRÍSK afþreyingarefni fyrir yfir 500 milljónir króna án nokkurs fjárhagslegrar aðstoðar frá hinu opinbera. Íslensk fyrirtæki keppa því ekki á jafnréttisgrundvelli við erlenda aðila og er lækkun virðisaukaskatts í neðra þrep skref í átt að jafna þá samkeppnisstöðu en um leið er áfram tryggð verndun á íslenskri menningu og tungu.

Þá er ótalið það tjón sem ólöglegt niðurhal og ólöglegar IPTV þjónustur hefur á starfsemi aðildarfélaga FRÍSK hér á landi þar sem þjónusta er seld ólöglega án tilskilinna leyfa og ljóst að engin opinber gjöld eru greidd af starfseminni.

Að mati FRÍSK er nauðsynlegt, með bæði hagsmuni innlendra fyrirtækja á þessu sviði sem og hagneytenda að leiðarljósi, að rétta af þann samkeppnishalla sem íslensk sjónvarps- og kvíkmyndaþjónusta þarf að glíma við með því að samræma virðisaukaskattinn við það sem tíðkast varðandi bækur og tónlist. Það er hlutverk ríkisvaldsins að sjá til þess að innlendir aðilar búi ekki við ójafnræði gagnvart erlendum aðilum sem stunda rekstur hér á landi. Með því að viðhalda áfram ósamræmi í virðisaukaskattsálagningu er ríkið einfaldlega að bregðast því hlutverki.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. FRÍSK áskilur sér einnig rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsir sig jafnframt um leið reiðubúið til að gefa nánari skýringar á málefnum.

Virðingarfyllt,

F.h. FRÍSK

Daníel Traustason,
Framkvæmdastjóri